# Professional Våtrumspackel

## Votrýmisspartl

### Efnislýsing

Professional Våtrum er fyllandi léttspartl, hentugt til spörtlunar á samskeyttum veggjum í nýbyggingum sem og eldra húsnæði. Það hentar við spörtlun á steyptum flötum, ópússuðum sem pússuðum, byggingarplötum og við lagningu borða í veggjasamskeyti.

Professional Våtrum er sérstaklega framleitt til notkunar í blautum og rökum rýmum þar sem gerð er krafa um mikið rakaþol.

Professional Våtrum er hluti af kerfi vatnsþolinna efna frá Nordsjö sem viðurkennt er í atvinnustétt málara og uppfyllir þeirra staðla. Professional Våtrum uppfyllir kröfur HusaAMA 18 um spartl fyrir blaut rými.




### Meðhöndlun

Undirlag skal vera hreint og þurrt og vel bundið án lauss yfirborðslags. Professional Våtrum er ætlað til handspörtlunar.

Við pússun er mælt með notkun rykgríma og verndun augna. Spartlið ekki ef hitastig er undir +5 °C.

### Heilsufars- og umhverfismál

Við pússun eða þegar spartlið er fjarlægt með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal spartla í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Ekki láta spartlfötuna standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Ekki hella spartlleifum eða hreinsivökva í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.

CE

### Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Innanhúss
**Bindiefni:** Latexþeytulausn
**Kornastærð:** Mest 0,16 mm.
**Þéttleiki:** 1,10
**Þurrktími:** Við 23°C/50% raka, 4 klst en veltur mjög á þykkt spartls
**Blaut slitþol (aðlöguð aðferð SS184164):** Yfir 2000 snúninga
**Mesta þykkt:** Um 5 mm
**Lágmarkshiti við spörtlun:** +5°C
**Rakastig:** 40-80%, kjörrakastig 65%
**Þynning:** Vatn
**Verkfæri:** Spartlspaðar, má sprauta eftir 3% þynningu með vatni
**Efnið í notkun:** Auðvelt að slípa
**Litur:** Blátóna
**Umbúðir:** 250g, 2,5 og 10 lítra fötur
**Hreinsun:** Sápuvatn
**Geymsla:** Í frostfríu rými

Í samræmi við kröfur um CE-merkingar samkvæmt tilskipun EN 13963 og EN 15824